



Landsvirkjun

National Power Company of Iceland

UN Global Compact

Framvinduskýrsla



COMMUNICATION ON
PROGRESS

This is our **Communication on Progress** in implementing the principles of the **United Nations Global Compact** and supporting broader UN goals.

We welcome feedback on its contents.

Efnisyfirlit

Ávarp forstjóra	5
Um Landsvirkjun	6
Stefna Landsvirkjunar um samfélagsábyrgð	7
COP 21 / Umhugað um andrúmsloftið	10
Mannréttindi og réttindi vinnuafls	11
– Réttindi vinnuafls	11
– Landsvirkjun hefur hlotið gullmerki jafnlaunaúttektar PwC	11
– Jafnrétti og starfsþróun	11
– Ábyrg virðiskeðja	12
– Mannauður	12
Umhverfi	13
– Caring for Climate	13
– NAZCA/CDP	13
– Ný umhverfisstefna Landsvirkjunar	14
– Vistvæn innkaup	15
– Athugun á vinnslu vistvæns eldsneytis	15
– Sjálfbær þróun á þeistareykjum	15
– Dregið úr losun vegna samgangna starfsmanna	16
Góðir stjórnarhættir / Gegn spillingu	17
– Endurskoðun meginferla	17
– Góðir stjórnarhættir í virðiskeðjunni	17
Önnur markverð samfélagsverkefni	18
– Fundir með hagsmunaaðilum	18
– Orkusýning í Ljósafossstöð	18
– Áframhaldandi stuðningur við nýsköpun í orkugeiranum	19
– Orkurannsóknasjóður	19
– Samfélagssjóður Landsvirkjunar	19



Ávarp forstjóra

Það er mér ánægja að geta staðfest áframhaldandi stuðning Landsvirkjunar við tíu grundvallarviðmið UN Global Compact, hnattræns samkomulags Sameinuðu þjóðanna um siðferði og ábyrgð í viðskiptum. Þetta er í annað sinn sem við gefum út framvinduskýrslu. Á árinu 2015 höfum við áfram unnið að því að innleiða viðmið UN Global Compact, jafnt í starfsemi okkar sem virðiskeðju.

Þrátt fyrir krefjandi markaðsumhverfi var afkoma ársins 2015 góð og við erum bjartsýn á að eftir tvö til þrjú ár geti arðgreiðslur farið að hækka í kjölfar batnandi reksturs. Markmið okkar er að árlegar arðgreiðslur hækki úr einum og hálfum milljarði króna í 10–20 milljarða. Sterk fjárhagsstaða Landsvirkjunar er ein meginundirstaða stefnu okkar um samfélagsábyrgð.

Loftslagsbreytingar eru aðkallandi viðfangsefni sem var í brennidepli á árinu 2015. Til þess að leggja okkar lóð á vogarskálarnar skrifuðum við undir yfirlýsinguna „Caring for Climate“ á COP-21 loftslagsráðstefnunni í París í desember 2015. Eitt af stefnumiðum fyrirtækisins samkvæmt yfirlýsingunni er að verða kolefnis-hlutlaust fyrirtæki árið 2030. Sú skuldbinding af okkar hálfu er viðbót við grundvallarviðmið UN Global Compact, og í árlegri framvinduskýrslu verður sérstaklega fjallað um árangur okkar í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. Nú stendur yfir vinna við að greina þá þætti sem við þurfum að leggja áherslu á, í því skyni að ná markmiðum okkar um kolefnishlutleysi.

Í ár gefum við framvinduskýrluna út á sama tíma og önnur árleg rit fyrirtækisins, þ.e. ársskýrslu okkar og umhverfisskýrslu. Í þessari framvinduskýrslu beinum við sjónum okkar að því sem hæst bar á árinu 2015. Árið 2016 vinnum við áfram að greiningu þeirra þátta sem við munum leggja áherslu á á komandi árum. Með því móti verður okkur kleift að gera samanburð á milli ára og sjá á hvaða sviðum við þurfum að bæta okkur til þess að ná sem bestum árangri fyrir fyrirtækið og alla hagsmunaaðila þess.

Virðingarfyllt,

dr. Hörður Arnarson forstjóri



Um Landsvirkjun


Landsvirkjun er sameignarfélag í eigu íslenska ríkisins og er stærsti raforkuframleiðandi Íslands. Fyrirtækið vinnur 73% allrar raforku í landinu. Orkan sem Landsvirkjun framleiðir er unnin úr 100% endurnýjanlegum orkugjöfum þar sem megináherslan er á vatnsafl og jarðvarma. Einnig er fyrirtækið að skoða hagkvæmni vindorku með tveimur vindaflostöðum.

Auk þess að þjóna íslenskum markaði leggur Landsvirkjun áherslu á að bjóða erlendum viðskiptavinum samkeppnishæf kjör með hagstæðu verði og afhendingaröryggi sem ekki á sér fordæmi. Það er stefna Landsvirkjunar að vera í fararbroddi í sjálfbærri nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa. Gildi fyrirtækisins, framsækni, traust og ráðdeild, eru lykilþættir við þróun nýrra verkefna og rekstur núverandi aflstöðva.

Landsvirkjun vinnur stöðugt að því að hámarka nýtingu og virði þeirra náttúruauðlinda sem fyrirtækinu hefur verið treyst fyrir, með sjálfbærum og skilvirkum hætti.

Starfsemi Landsvirkjunar er vottuð samkvæmt eftirfarandi stöðlum:

- > ISO 9001 (gæðastjórnun)
- > ISO 14001 (umhverfisstjórnun)
- > ISO 27001 (stjórnun upplýsingaöryggis)
- > OHSAS 18001 (öryggisstjórnun)



Pegar Landsvirkjun var stofnuð árið 1965 var ráðist í byggingu Búrfellsvirkjunar sem tekin var í notkun árið 1969. Á framhlið stöðvarhússins er stór lágmynd eftir Sigurjón Ólafsson.

Stefna Landsvirkjunar um samfélagsábyrgð

Nálgun Landsvirkjunar við samfélagsábyrgð

Landsvirkjun vinnur raforku úr endurnýjanlegum orkugjöfum og kappkostar að skapa fjárhagslegan ávinning í sátt við umhverfið og samfélagið. Stefnu Landsvirkjunar um samfélagsábyrgð er skipt niður í sex áherslusvið og á hverju þeirra setjum við okkur árleg markmið.¹


Hin tíu grundvallarviðmið UN Global Compact eru samofin samfélagsstefnu fyrirtækisins og endurspeglast í árlegum markmiðum og eru höfð að leiðarljósi við stefnumótun á sviði samfélagsábyrgðar. Gerð er grein fyrir framvindu í framvinduskýrslu sem gefin er út árlega.

Á myndinni á næstu blaðsíðu sést hvernig grundvallarviðmið UN Global Compact fléttast saman við stefnu Landsvirkjunar um samfélagsábyrgð.



Á hverju ári veitir Landsvirkjun ungu fólki atvinnu og tækifæri í samstarfi við sveitarfélög og fyrirtæki.

¹Frekari upplýsingar má nálgast á <http://www.landsvirkjun.com/societyenvironment/our-social-responsibility/goals>



Stefna Landsvirkjunar

- **Heilsa og öryggi**

Við vinnum eftir ábyrgri stefnu í heilsu-, öryggis- og starfsmannamálum sem á að tryggja vellíðan, öryggi og jafnrétti starfsfólks.

- **Samfélag**

Við leggjum áherslu á gott samstarf við samfélagið með því að stuðla að gegnsæjum vinnubrögðum og gagnvirku upplýsingaflæði og stuðlum að því að samfélagið njóti góðs af starfsemi Landsvirkjunar.

- **Miðlun þekkingar**

Við sköpum virði fyrir atvinnulíf og samfélag með því að deila þekkingu og stuðla að nýsköpun.

- **Umhverfismál**

Við leggjum áherslu á sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda, vinnum samkvæmt viðurkenndum alþjóðlegum starfsháttum og lágmörkum umhverfisáhrif í starfsemi fyrirtækisins.

- **Stjórnarhættir**

Við störfum eftir ábyrgum stjórnarháttum og fylgjum siða-reglum fyrirtækisins í störfum okkar.

- **Virðiskeðjan**

Við vinnum með viðskiptavinum og birgjum sem sýna ábyrga stjórnarhætti og taka tillit til umhverfisins og samfélagsins í rekstri sínum.

Tíu grundvallarviðmið UN Global Compact

- **Mannréttindi**

Viðmið 1: Fyrirtæki styðja og virða vernd alþjóðlegra mannréttinda.

Viðmið 2: Fyrirtæki fullvissa sig um að þau gerist ekki meðsek um mannréttindabrot.

- **Vinnumarkaður**

Viðmið 3: Fyrirtæki styðja við félagafrelsi og viðurkenna í raun rétt til kjarasamninga.

Viðmið 4: Fyrirtæki tryggja afnám allrar nauðungar- og þrælkunarvinnu.

Viðmið 5: Virkt afnám allrar barnavinnu er tryggt.

Viðmið 6: Fyrirtæki styðja afnám misréttis til vinnu og starfsvals.

- **Umhverfi**

Viðmið 7: Fyrirtæki styðja beitingu varúðarreglu í umhverfismálum.

Viðmið 8: Fyrirtæki hafi frumkvæði að því að hvetja til aukinnar ábyrgðar gagnvart umhverfinu.

Viðmið 9: Fyrirtæki hvetji til þróunar og nýtingar á umhverfisvænni tækni.

- **Gegn spillingu**

Viðmið 10: Fyrirtæki vinni gegn hvers kyns spillingu, þar með talið kúgun og mútum.

COP 21 / Umhugað um andrúmsloftið

Á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í París 2015 skrifaði Landsvirkjun undir yfirlýsinguna „Caring for Climate“, sem er verkefni á vegum UN Global Compact, umhverfisáætlunar Sameinuðu þjóðanna og skrifstofu rammisamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

Með því að skrifa undir yfirlýsinguna hefur Landsvirkjun skuldbundið sig til þess að gera eftirfarandi:

1. Að grípa til frekari aðgerða til þess að auka stöðugt orkunýtni og minnka kolefnisspor afurða okkar, þjónustu og vinnslu, að setja okkur sjálfviljug markmið í því augnamiði og að upplýsa opinberlega og árlega um árangur okkar á því sviði í framvinduskýrslu.
2. Að koma upp þekkingu og getu innan fyrirtækisins til að skilja að fullu áhrif loftslagsbreytinga á reksturinn og þróa samfellda stefnu til að lágmarka áhættu og greina tækifæri.
3. Að efna til virkara samstarfs við stjórnvöld, milliríkja- stofnanir og samfélagið til að móta stefnu og aðgerðir til að skapa umgjörð sem gerir viðskiptalífnu kleift að leggja sitt af mörkum til þess að byggja upp kolefnislágt og loftslags- vænt hagkerfi.

4. Að vinna áfram að því ásamt öðrum fyrirtækjum, jafnt innlendum sem öðrum í sama iðnaði, og virðiskeðju okkar að setja viðmið og taka sameiginlegt frumkvæði í því að draga úr hættu á loftslagsbreytingum, laga sig að þeim og nýta tækifæri sem í þeim felast.
5. Að verða leiðandi fyrirtæki í skjótum og viðamiklum aðgerðum gegn loftslagsbreytingum í samstarfi við jafningja okkar, starfsfólk, viðskiptavin, fjárfesta og almenning.

Í anda ofangreindra skuldbindinga hefur Landsvirkjun sett sér það markmið að verða kolefnishlutlaus árið 2030. Í kaflanum um umhverfismál eru frekari upplýsingar um þær skuldbindingar sem Landsvirkjun hefur tekist á hendur í tengslum við það markmið sitt að ná kolefnishlutleysi.

Á COP-21 ráðstefnunni í París var vindmylla sett upp á Champs-Élysées til að sjá jólaskreytingum fyrir raforku.

Mannréttindi og réttindi vinnuafls

UN Global Compact viðmið sem eiga við:

1. Fyrirtæki styðja og virða vernd alþjóðlegra mannréttinda.
2. Fyrirtæki fullvissa sig um að þau gerist ekki meðsek um mannréttindabrot.
3. Fyrirtæki styðja við félagafrelsi og viðurkenna í raun rétt til kjarasamninga.
4. Fyrirtæki tryggja afnám allrar nauðungar- og þrælkunar-vinnu.
5. Virkt afnám allrar barnavinnu er tryggt.
6. Fyrirtæki styðja afnám misréttis til vinnu og starfsvals.

Réttindi vinnuafls

Starfsemi Landsvirkjunar felst í meiri háttar iðnaðar- verkefnum og því er verndun vinnuafls afar mikilvæg. Landsvirkjun leggur kapp á að fylgja ströngum stöðlum til að tryggja réttindi starfsmanna sinna og þjónustuaðila, einkum hvað varðar starfsaðstöðu, heilsu og öryggi og viðeigandi laun og fríðindi. Til að tryggja að stöðlum sé fylgt á þessum sviðum hefur Landsvirkjun sett inn verndarákvæði þess efnis í samninga sína við þjónustu- aðila. Ákvæði þessi voru samín árið 2007 í samráði við Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins (sem Landsvirkjun er aðili að).

Landsvirkjun hefur hlotið gullmerki jafnlaunaúttektar PwC

Árið 2015 hlaut Landsvirkjun gullmerki jafnlaunaúttektar PwC annað árið í röð fyrir vinnu sína í þágu jafna launa óháð kyni. Munur á launum karla og kvenna hjá Landsvirkjun mældist 0,1% sem er minnsti munur sem PwC hefur mælt hjá íslensku fyrirtæki. Á síðustu þremur árum hefur launamunur kynjanna á grunnlaunum lækkað úr 1,5% í 0,1%.

Jafnrétti og starfsþróun

Jafnréttisstefna

Landsvirkjun stuðlar að jafnrétti og vinnur eftir meðfylgjandi jafnréttisstefnu og aðgerðaáætlun jafnréttismála. Jafnréttisstefnan og aðgerðaáætlunin eru í samræmi við lög nr. 10/2008 um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla. Jafnréttisnefnd, sem skipuð er af forstjóra til tveggja ára í senn, ber ábyrgð á framkvæmd jafnréttisstefnu Landsvirkjunar. Nefndin hefur umsjón með árlegri endurskoðun stefnunnar og aðgerðaáætlunarinnar.

Framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar er á ábyrgð stjórnenda og starfsmannasviðs með aðstoð jafnréttisnefndarinnar.

Jafnréttisstefnan samanstendur af eftirfarandi þáttum:

1. Karlar og konur sem starfa hjá Landsvirkjun fá greidd sömu laun og sömu kjör fyrir sömu störf.
2. Allir eiga jafna möguleika til starfa hjá Landsvirkjun, óháð kyni.
3. Stjórnendur Landsvirkjunar vinna markvisst að því að auka hlut kvenna í stjórnunarstöðum innan fyrirtækisins og að jafna kynjahlutföll innan fyrirtækisins.
4. Allir starfsmenn, sama hvaða störfum þeir gegna hjá Landsvirkjun, eiga jafna möguleika til endurmenntunar, símenntunar og þeirrar starfsþjálfunar sem þeir þarfnast til að auka færni sína í starfi. Allir starfsmenn eiga möguleika á stöðuhækkunum í þau lausu störf sem eru fyrir hendi hverju sinni.
5. Stjórnendur skulu skipuleggja störf og verkefni þannig að starfsmenn geti sem best samræmt vinnu og einkalíf.
6. Einelti, fordómar og kynbundin eða kynferðisleg áreitni eru ekki liðin innan Landsvirkjunar.
7. Stjórnendur og starfsfólk Landsvirkjunar vinna að því að útrýma kynbundnum störfum innan fyrirtækisins, þannig skulu engin störf vera flokkuð sem karla- eða kvennastörf.

Hluta af aðgerðaáætluninni má sjá á næstu blaðsíðu.

1. Karlar og konur sem starfa hjá Landsvirkjun fá greidd sömu laun og sömu kjör fyrir sömu störf.				
Markmið	Aðgerð	Mælikvarði	Næsta mæling	Ábyrgð
Að viðhalda gullmerki í jafnlauna-úttekt PwC fyrir að draga úr kynbundnum launamun.	Ef markmið næst ekki skal farið í viðeigandi aðgerðir, þar á meðal að leiðrétta laun.	Að launamunur kynjanna sé minni en 3,5%.	September 2016	
Gæta þess að konur og karlar fái sömu laun og njóti sömu kjara fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf.	Leiðrétta laun ef í ljós kemur að það sé óútskýrður launamunur fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.	Að launamunur kynjanna sé minni en 2%.	September 2016	
2. Stjórnendur Landsvirkjunar vinna markvisst að því að auka hlut kvenna í stjórnunarstöðum				
Markmið	Aðgerð	Mælikvarði	Næsta mæling	Ábyrgð
Að jafna kynjahlutfall í stjórnunar- og áhrifastöðum innan fyrirtækisins, þannig að hlutfall kvenna hækki úr 24% í 30%.	Að konur innan fyrirtækisins fái viðeigandi starfsþjálfun fyrir stjórnendastörf. Áhersla verði lögð á að konur séu ráðnar í nýjar og lausar stjórnendastöður.	Hlutfall kvenna í skilgreindum stjórnunarstöðum Landsvirkjunar.	September 2016	Forstjóri
Að hafa jafnt hlutfall kynja í stjórnnum dótturfélaga Landsvirkjunar.	Ef hlutfallið er ekki jafnt milli kynja skal grípa til viðeigandi aðgerða strax.	Hlutfall kvenna í stjórnnum dótturfélaga.	September 2016	Forstjóri
3. Allir starfsmenn, sama hvaða störfum þeir gegna hjá Landsvirkjun, eiga jafna möguleika til endurmenntunar, símenntunar og þeirrar starfsþjálfunar sem þeir þarfnast til að auka færni sína í starfi. Allir starfsmenn eiga möguleika á stöðuhækkunum í þau lausu störf sem eru fyrir hendi hverju sinni.				
Markmið	Aðgerð	Mælikvarði	Næsta mæling	Ábyrgð
Að konur og karlar fái jafna möguleika á endurmenntun og starfsþróun.	Stjórnendur hvetji konur jafnt sem karla til endurmenntunar og starfsþróunar.	Fjöldi fræðsluatburða sem starfsmenn sækja, greint eftir kyni og niðurstöðum vinnustaðagreiningar.	September 2016	
Að konur hljóti starfsþjálfun á þeim sviðum orkuviðnáðarinnar þar sem hallar á hlut kvenna.	Konur sé falin ábyrgð stærri verkefna sem veitir þeim reynslu sem nýtist til frekari starfsþróunar í orkuveiranum.	Fjöldi kvenna sem hafa hlotið sérstaka þjálfun og fengið aukna ábyrgð í stærri verkefnum.	September 2016	

Ábyrg virðishefja

Í nóvember 2015 innleiddi Landsvirkjun siðareglur fyrir birgja sína og þjónustuaðila. Siðareglurnar eru settar í samninga, útboðslýsingar og mat á birgjum og frammistöðu. Eftirfarandi texta hefur verið bætt við allar tilboðsbeiðnir:

„Í samræmi við UN Global Compact hefur Landsvirkjun skuldbundið sig til að virða og fylgja tíu viðmiðum um mannréttindi og réttindi vinnuafns, umhverfisvernd og gegn spillingu. Í ljósi þessarar skuldbindingar hefur Landsvirkjun á heimasíðu sinni birt siðareglur fyrir birgja sína sem byggðar eru á hinum tíu grundvallarviðmiðum UN Global Compact. Landsvirkjun gerir þær kröfur að birgjar fylgi þessum reglum í viðskiptum sínum við Landsvirkjun.“

Sömuleiðis hefur eftirfarandi texta verið bætt við nýja samninga við þjónustuaðila/birgja og bætt við sem viðauka þegar samningar eru endurnýjaðir:

„Verktakinn hefur lesið og skilið siðareglur Landsvirkjunar fyrir birgja, sem birtar eru á vef Landsvirkjunar, og skuldbindur sig til að hlíta og fylgja sögðum reglum í starfi sínu fyrir Landsvirkjun.“

Heilsa og öryggi

Á árinu 2015 unnu starfsmenn Landsvirkjunar eina milljón vinnustunda án óhappa sem leiddu til fjarvistar. Þetta er eftirtektarverður árangur sem náðist ekki fyrirhafnarlaust. Þrátt fyrir þennan árangur fjölgaði óhöppum meðal fastráðinna starfsmanna úr 6 árið 2014 í 13 árið 2015. Engin alvarleg óhöpp urðu þó á árinu 2015.

Umhverfi

UN Global Compact viðmið sem eiga við:

7. Fyrirtæki styðja beitingu varúðarreglu í umhverfismálum
8. Fyrirtæki hafi frumkvæði að því að hvetja til aukinnar ábyrgðar gagnvart umhverfinu.
9. Fyrirtæki hvetji til þróunar og nýtingar á umhverfissvænni tækni.

Landsvirkjun gefur út ítarlega umhverfisskýrslu árlega. Í skýrslunni er farið yfir helstu umhverfisvísa og áherslusvið hvers árs fyrir sig.

Í þessum kafla er sjónum beint að helstu umhverfisverkefunum á árinu 2015. Lesendum er bent á umhverfisskýrslu ársins 2015 ef þeir vilja nálgast frekari og ítarlegri upplýsingar um umhverfisstarf Landsvirkjunar.

Umhugað um loftslag

Á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í París í desember 2015 skrifaði Landsvirkjun undir yfirlýsinguna „Caring for Climate“, sem er verkefni á vegum UN Global Compact, umhverfisáætlunar Sameinuðu þjóðanna og skrifstofu rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Með þátttöku sinni í verkefninu skuldbindur Landsvirkjun sig til að vinna að nokkrum markmiðum í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. Markmiðin má sjá í kaflanum „COP 21 / Caring for Climate“.

NAZCA/CDP

Landsvirkjun skráði áform sín um að minnka kolefnisfótspor sitt hjá NAZCA (Non-State Actor Zone for Climate Action), en það er alþjóðlegur vettvangur þar sem fyrirtækjum, borgum, svæðum, félagasamtökum og fjárfestum gefst tækifæri til að skrá sín markmið í baráttunni gegn loftslagsbreytingum.



Auk þess að hafa sett sér það markmið að verða kolefnishlutlaust fyrirtæki árið 2030 hefur Landsvirkjun skráð eftirfarandi markmið hjá NAZCA:

Kolefnisupptaka, –notkun og –geymsla

- > Vatnsaflsstöðvar: Að draga úr beinni losun gróðurhúsa-lofttegunda um 100% frá 2014–2020 með kolefnisbindingu í gegnum landgræðslu og skógrækt.
- > Jarðgufustöðvar: Að draga úr beinni kolefnislosun um 100% frá 2008 til 2030 með kolefnisupptöku og –bindingu í gegnum landgræðslu, skógrækt og aðrar leiðir.

Samgöngur

- > Að fjölga rafknúnum ökutækjum svo þau verði 25% af ökutækjaflota fyrirtækisins árið 2020.

Fjárfesting

- > Að fjárfesta fyrir 500 milljónir Bandaríkjadala í þróun endurnýjanlegrar orku (vatnsafls, jarðvarma og vindorku) fyrir 2020 og 350 milljónum Bandaríkjadala til viðbótar á árunum 2020–2025.

Innleiðing orkusparnaðar –/orkunýtnikerfa

- > Að draga úr áhrifum loftslagsbreytinga með innleiðingu orkusparnaðar- og orkunýtnikerfa á landsvísi.

Í því skyni að fylgjast með framvindu og stuðla að gagnsæi mun Landsvirkjun gefa út skýrslu í samræmi við CDP á árinu 2016.

Ný umhverfisstefna Landsvirkjunar

Um mitt ár 2015 samþykkti stjórn Landsvirkjunar nýja umhverfisstefnu. Kjarni stefnunnar er eftirfarandi:

„Landsvirkjun er í fararbroddi á sviði umhverfismála og stuðlar að sjálfbærri þróun í samfélaginu. Fyrirtækið leggur áherslu á að þekkja umhverfisáhrif starfsemi sinnar og leitast við að draga úr þeim.“

Umhverfisstefnan er fólgin í fimm meginstefnumiðum:

- > Betri nýting auðlinda
- > Kolefnishlutlaus starfsemi
- > Starfsemi í sátt við náttúru og ásýnd lands
- > Samtal við hagsmunaaðila
- > Starfsemi án umhverfisatvika

Vinna stendur yfir við að greina viðeigandi aðgerðir og mælanleg markmið fyrir hvert þessara stefnumiða.



Rafbílar kynntir fyrir kaupendum frá Landsvirkjun og öðrum fyrirtækjum í orkuiðnaði á Íslandi.

Vistvæn innkaup

Í desember 2014 gerðist Landsvirkjun stofnaðili að Vistvænum innkaupum, sem er innkaupanet á vegum Umhverfisstofnunar. Á árinu 2015 var byrjað að gera breytingar á innkaupaferlum Landsvirkjunar í þeim tilgangi að auka hlutfall umhverfissvænna vara í innkaupum fyrirtækisins. Með því stigum við okkar fyrstu skref í að gera innkaup Landsvirkjunar vistvæn og fylgja þannig eftir áherslum okkar í umhverfismálum og samfélagsábyrgð.

Athugun á vinnslu vistvæns eldsneytis

Í verkefninu hafa verið skoðaðir möguleikar þess að auka nýtingu jarðvarmaorku. Athugunin leiddi í ljós ýmsa spennandi kosti við nýtingu umframorku og koltvísýringslosunar frá jarðvarmavirkjunum til framleiðslu á vistvænu eldsneyti. Sérstök áhersla var lögð á að skoða leiðir til að hreinsa koltvísýring frá aflstöðvum Landsvirkjunar en slíkt er grunnforsenda þess að hægt sé að nýta gasið til áframhaldandi vinnslu. Rannsóknir leiddu í ljós að tæknilega er slíkt mögulegt og á samkeppnishæfu verði. Mörgum spurningum er þó ósvarað og Landsvirkjun mun halda áfram að skoða tæknileg og viðskiptaleg vandamál í tengslum við framleiðslu af þessu tagi. Nýting á ótryggri orku til rafgreiningar er möguleg á góðum vatnsárum og með nýrri tækni rafgreina sem

kom á markað fyrir um ári síðan. Greining leiddi í ljós að óraunhæft er að nýta ótrygga orku eingöngu til slíkrar framleiðslu þar sem líkur á að hægt sé að útvega raforku í slíka vinnslu eru bundnar við tiltölulega fáa mánuði á ári. Rannsóknir á þessu sviði munu halda áfram í samstarfi við innlenda og erlenda aðila.

Sjálfbær þróun á Þeistareykjum

Áfram var unnið markvisst að uppgæðsluaðgerðum í kringum jarðvarmaafstöðina að Þeistareykjum á árinu 2015. Umsjón verkefnisins er á hendi Landgræðslunnar og garðyrkjustjóra Norðurþings og unnið er í nánu samstarfi við landeigendur.

Sáð var í vegskeringar, námur og endurheimtarsvæði. Auk þess var plantað í lúpínusvæði innan landgræðslugirðingar og í skeringar næst Húsavík. Dreift var um 48 tonnum af áburði og 3.000 kg af fræi var sáð. Settar voru niður 45.070 plöntur, mest af birki og lerki en einnig víðir.

Samhliða vinnu við Þeistareykjavirkjun fer fram uppgæðsla á landi sem rofið hefur verið vegna framkvæmda.



Unnið er að útgáfu skýrslu um aðgerðir ársins 2015 með áætlun fyrir árið 2016. Sérstakur starfshópur leiðir verkefnið og verður hann stækkaður og meðlimum fjölgað á árinu 2016 til að tryggja aðkomu viðeigandi hagsmunaaðila. Sem dæmi um meðlimi sem bætt hefur verið við má nefna fulltrúa frá Landsneti (sem rekur raforkuflutningskerfi Íslands) og fulltrúa ferðaþjónustunnar. Á meðal forgangsatríða á árinu 2016 er þróun árangursvísa fyrir umhverfi, samfélag og efnahag ásamt samtali við hagsmunaaðila og hið opinbera á svæðinu.

Dregið úr losun vegna samgangna

Landsvirkjun setti fram samgöngustefnu árið 2014 þar sem áhersla var lögð á að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis. Seint á árinu 2015 hóf Landsvirkjun að nota lífdísil (repju-metýl-ester) í stað jarðefnaeldsneytis í öllum ökutækjum fyrirtækisins á Þjórsársvæðinu. Landsvirkjun rekur alls sex vatnsaflsvirkjanir á svæðinu. Með því að nota lífdísil í stað jarðefnaeldsneytis dróst losun gróðurhúsalofttegunda saman um að minnsta kosti 60%.

Á árinu 2015 byrjaði Landsvirkjun að bjóða starfsmönnum sínum samgöngusamning. Samningurinn kveður á um mánaðarlegan fjárstuðning við þá starfsmenn sem ferðast til og frá vinnu með vistvænum hætti á borð við hjóleiðar,

almenningssamgöngur eða gangandi (samningurinn tekur ekki til rafbíla).

Annar mikilvægur þáttur í innleiðingu samgöngustefnunnar var fjölgun rafknúinna ökutækja í eigu Landsvirkjunar á árinu 2015 úr fjórum í sex, auk þess að bæta við tveimur tvinnbílum. Starfsmönnum í Reykjavík og Akureyri voru einnig boðin afnot af rafknúnum reiðhjólum.

Nokkur fjöldi starfsmanna ferðast nú til og frá vinnu í eigin rafknúnum ökutækjum. Landsvirkjun býður þeim starfsmönnum upp á ókeypis hleðslu á daginn auk forgangsbílastæða.

Landsvirkjun styrkir einnig og tekur þátt í orkuskiptum í samgöngum á landsvísu. Auk þess að standa fyrir samtali hagsmunaaðila og skipuleggja viðburði sem tengjast málefnum vinnur Landsvirkjun að orkuskiptaverkefnum með öðrum fyrirtækjum, þ. á m. Íslenskri NýOrku, HS Orku og Orkuveitu Reykjavíkur. Landsvirkjun hefur einnig styrkt framleiðslu fræðsluefnis og er aðili að Grænu orkunni sem er klasasamstarf um orkuskipti, jafnt hjá hinu opinbera sem í einkageiranum.



Góðir stjórnarhættir / Gegn spillingu

Viðmið 10: Fyrirtæki vinni gegn hvers kyns spillingu, þar með talið kúgun og mútum.

Endurskoðun meginferla

Meginferlar Landsvirkjunar voru endurskoðaðir á árinu 2015 í því skyni að skerpa á þeim og auka gagnsæi þeirra. Áhersla var lögð á að tryggja samfellda ábyrgð, auka sveigjanleika og einfalda stjórnunarkerfi Landsvirkjunar. Afrakstur þessarar endurskoðunar er að auðveldara er nú að greina starfsemi fyrirtækisins út frá markmiðum, virði og áhættu auk ýmissa fleira þátta. Endurskoðunin hefur einnig stuðlað að stöðugum umbótum.

Góðir stjórnarhættir í virðiskeðjunni

Landsvirkjun gerir þá kröfu til birgja sinna að þeir hlíti og hafi í hávegum hin tíu grundvallarviðmið UN Global Compact og siðareglur Landsvirkjunar fyrir birgja, sem birtar eru á vef fyrirtækisins. Einnig er ætlast til þess að þjónustuaðilar Landsvirkjunar fari að siðareglum fyrirtækisins (sjá nánar í kaflanum Ábyrg virðiskeðja).



Önnur markverð samfélagsverkefni

Fundir með hagsmunaaðilum

Landsvirkjun fagnaði 50 ára afmæli á árinu 2015. Haldnir voru tíu fundir með hagsmunaaðilum um málefni sem snerta orkuframleiðslu og samfélagsábyrgð. Sem dæmi má nefna viðburði sem haldnir voru með íbúum Norðausturlands þar sem fjallað var um jarðvarmaverkefnið að Þeistareykjum og fund sem haldinn var á Suðurlandi um stækkun Búrfellsvirkjunar. Einnig hélt Landsvirkjun fundi um þarfir gagnamiðstöðva, nýsköpun í orkugeiranum og ábyrgð fyrirtækja í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. Hægt er að nálgast fundina á YouTube-reikningi Landsvirkjunar: www.youtube.com/landsvirkjun.

Orkusýning í Ljósafossstöð

Í ágúst 2015 var sýningin Orka til framtíðar opnuð í Ljósafossstöð í tilefni af 50 ára afmæli Landsvirkjunar. Fjöldi fyrirtækja og sérfræðinga kom að uppsetningu sýningarinnar, sem er gagnvirk með áherslu á leik og upplifun þar sem sjónum er beint að áhrifum raforku á líf okkar og samfélagið í heild. Sýningin samanstendur af nokkrum tilraunum sem hafa leikið stórt hlutverk í sögu raforkunnar og markmiðið er að upplifun sýningargesta verði í senn frumleg og fræðandi. Sýningin verður einnig mikilvæg fyrir ferðaþjónustuna, menntakerfið og viðskiptalífið.



Á orkusýningunni í Ljósafossstöð fá forvitnir gestir á öllum aldri að kynna aðferðum við vinnslu endurnýjanlegrar og sjálfbærrar orku á borð við vatnsafl, jarðvarma og vindorku.

Áframhaldandi stuðningur við nýsköpun í orkugeiranum

1. Á árinu 2015 hélt Landsvirkjun áfram stuðningi sínum við viðskiptasmiðjuna Startup Energy Reykjavík (SER), sem stofnuð var árið 2014. Landsvirkjun studdi við sprotafyrirtæki í orkugeiranum bæði með beinni fjárfestingu og öðrum aðferðum. 14 sprotafyrirtæki hafa farið í gegnum viðskiptasmiðju SER og öll utan tveggja eru enn í rekstri. Frá upphafi árið 2014 hafa fyrirtæki tengd SER tryggt sér yfir hálfan milljarð króna í styrki og fjármögnun. Landsvirkjun hyggur á frekari stuðning við SER á árinu 2016. Upplýsingar um verkefnið má nálgast á <http://www.startupenergyreykjavik.com/>.

Orkurannsóknasjóður

Markmið orkurannsóknasjóðs Landsvirkjunar er að efla rannsóknir á sviði umhverfis- og orkumála. Árlega styrkir sjóðurinn námsmenn, rannsóknarverkefni, stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga sem vinna að rannsóknum

á þessum sviðum. Á árinu 2015 úthlutaði Landsvirkjun 59,5 milljónum króna úr sjóðnum til ýmissa rannsóknarverkefna á sviði umhverfis- og orkumála. Frekari upplýsingar um sjóðinn má nálgast á <http://www.landsvirkjun.com/researchdevelopment/energyresearchfund/>.

Samfélagssjóður Landsvirkjunar

Landsvirkjun rekur samfélagssjóð sem ætlað er að styrkja verkefni sem hafa breiða samfélagslega skírskotun og möguleika á að hafa jákvæð áhrif á íslenskt samfélag. Á árinu 2015 var 7,6 milljónum króna úthlutað úr sjóðnum til ýmissa verkefna. Meðal þeirra sem hlutu styrk var Rauði krossinn á Íslandi sem styrktur var um eina milljón króna vegna neyðaraðstoðar í Nepal.



Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, ásamt styrkþegum úr orkurannsóknasjóði Landsvirkjunar.



Landsvirkjun

Háaleitisbraut 68
103 Reykjavík
Ísland
Sími: +354 515 90 00

landsvirkjun.com
landsvirkjun@landsvirkjun.com